

VÖLUNDARHÚS HINS OPINBERA SKRIFSTOFUFERLÍKIS

Við sögðum á föstudaginn söguna af því þegar ungur snáði úr Vestmannaeyjum, sem týndist, þegar hann kom óvænt í sína fyrstu heimsókn til Reykjavíkur.

Þegar litla snáðans hafði verið saknað um tíma var haft samband við lögregluna — sem gaf þau svör að viðkomandi ætti að hringja í annað númer. Það var að sjálfsgöngu gert, en með þeim góða árangri, að þar náðist ekki samband fyrr en seint og um síðir.

Viðbrögð lögreglunnar voru þau, að „leigubílstjórar voru beðnir að svipast um eftir piltinum“.

Það sem svo varð Eyjasnáb-anum til happs var að maður, sem ekki er algerlega snauður af tilliti til náungans, tók piltinn upp á sína arma og gat komið honum heim til foreldranna.

Það þurfti sem sé ekki á hinu víðtæka leitarkerfi leigubílstjórana að halda.

Ég á bág með að trúa því, að þetta sé hinn venjulegi og rétti gangur mála. Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að þannig afgreiði lögreglan beiðni foreldra um aðstoð lögreglunnar, þegar ósjálfbjarga börn týnast, jafnvel þótt það séu nú til orð lög-reglustjóra fyrir því að það vanti hundrað manns upp á að líðið sé fullmannað.

Við skulum vona að þarna hafi bara líti maðurinn í stóra vandamálinu gleymzt, — þ.e. að lögreglan hafi verið þá upptekin í allan hátt vegna Vestmannaeyjabörmunganna, að þegar einn af yngri borgurum Vestmannaeyja þurfti á aðstoð

að halda, þá hafi vandamálið verið það stórt orðið í augum lögreglunnar að ekki hafi reynzt unnt að veita þeim aðstoð, sem hvað mest þurfti á henni að halda.

Því einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að lögreglan sinni í rauninni ótrúlega víðtæku þjónustustarfi, sem almenningur gerir sér kannski ekki fulla grein fyrir, og með aukinni kynningu á störfum lög-reglunnar, og máské ögn í viðbót af á einstaka stað megi brúa að miklu leyti það bil vantrausts, sem trúlega leynist víða í viðhorfi almennings til lögreglunnar.

En það er mun víðar og miklu algengara annars staðar að almenningi er vísað frá heródesi til pilatusar, þegar það þarf að skipta við eitthvert andlit hins opinbera skrifstofubákns. Og það er síður en svo nokkurt skemmtiatriði að lenda í slíkum viðskiptum.

Við, þetta venjulega fólk, sem ekki erum alla daga í tollinum, komum kannski ekki á Hagstofuna nema fimmta hvert ár, villumst órsjaldan inn á bæjar-skrifstofur, erum svo til ókunnug í húsakynnum pósts og síma — og þar fram eftir götunum, — við verðum alltaf gatt-úð og örliðið reið, þegar við þurfum að skipta við einhverja af þessum þjónustuskritstofum okkar — og finnum að við erum óvelkomin þar, trúflum vanagang einhvers skrifstofumannsins og erum illa þokkuð af því að við kunnum ekki á kerfið og þurfum að spyrja okkur til vegar.

Ég átti þess einu sinni kost að biða á biðstofu slysaðeiddar Borgarsjúkrahússins og fylgdist spennur með því, þegar fólk kom og spurði jafn sakleysis-legra spurninga og hvort það þyrfti að bíða o.s.frv.

Konan bak við glerið réði sér ekki fyrir hneykslan. Þessir græningjar, sem ekki vissu upp

á háir hvernig þeir áttu að haga sér á slysaðeild voru sko ekki henni að skapi, og hún hafði mörg orð um það við samstarfs-stúlku sína hvað fólk gæti verið vítlaut.


Ég féll umsvifalaust í flokk græningjanna þegar ég gleymdi að taka af mér skóna um leið og ég átti að ganga innfyrr. En ef til vill var það af því að ég reyndi það ódyra bragð að brosa vandræðalega að þessari fávizku minni, að konan varð nú hin hjálplegasta. Þarna var einn sem sá villu sína og vildi bæta fyrir.

En grinlaust, — það er ekki

nóg að opinber fyrirtæki og stofnanir hengi upp á vegg spjöld frá Stjórnunarfélagi Íslands með svohljóðandi upphafsorðum:

„1. Viðskiptavinurinn er mikilvægasti aðili fyrirtækisins“, eða eitthvað í þá áttina.

Svo lengi sem hann ber mál sín upp á kurteislegan máta, þá á hann rétt á þjónustu að sama marki. Og hann á rétt á því að hver starfsmaður hins opinbera aðstoði hann við að fá lausn sinna mála, en yti honum ekki aðeins inn í völunderhús það, sem skrifstofubákn hins opinbera er orðið.




**BJARNI
SIGTRYGGSSON:
UM
HELGINA**

SUNNUDAGSBLAÐ

Það lifir af 5.000 krónum — en frjálst



Peter Sander skrifar frá BOTSWANA



Þessir flóttamenn eru meðal vanþróaðasta fólks Afríku.

„Flóttamaður væri ánægður fengi hann að eiga þin vandamál“.

Þannig er það ritad á veggspjöld sem hanga á veggnum í skrifstofu Malcolm Thomas — í einu af fjórum herbergjum í strákofa þar sem athafnsemi músanna kemur í ljós í götum í mottunum, sem þekja þjappað leirgöfð.

Malcolm Thomas veit um hvað hann er að tala, þegar hann segir frá vandkvæðum flóttafólksins. Í hart nær fjögur ár hefur þessi litli Wales-maður búið í strákofanum í Eshta í norðurhluta Botswana, en það er eitt fátækasta og afskekktasta hérað í Afríku, þar sem hann átti að yfirstiga vandamál,

smá og stór, fjögurþúsund flóttamanna frá nýlendu-styrjöld Portúgala í Angóla. Mest allan tímann hefur hann verið einn um það stafi.

FÖRNARLÖMB NÝLENDUSTYRJALD-AR

Flóttafólk er förnardýr tilrauna Portúgala til þess að smala saman íbúum suðaustur Angóla í víggirtum þorpum að þeirri hugmynd, sem reynzt hefur Bandaríkjamönnum svo illa í Vietnam. Heldur en að láta loka sig inni í þessum víggirtu fangabúðum hefur fólkíð kosid að yfirgefa heimili sín og flýja til Botswana um Caprivi Strip, sem lýtur stjórn

Suður-Afríku — en ferðalagið tekur viku. Flestir koma til Botswana eignalausir að öðru leyti en hvað viðvikur fótunum, sem þeir bera.

EIGA AÐ BJARGA SÉR SJALFIR

Flóttamannastráumurnar hófst árið 1968 og fjöldi flóttafólksins varð brátt svo mikill, að íbúarnir, sem fyrir voru, gátu ekki lengi tekið það í sinn hóp.

Stjórn Botswana sneri sér þá til Sameinudu þjóðanna og fékk fyrst í stað matvælasendingar til flóttafólksins fyrir milligöngu Matvælastofnunar S.P. Síðar tók Heimskirkjuráðið að sér að stjórna áætlun, sem miðaðist við að flóttafólkíð fengi uthlutað 200 ferkílómetra landsvæði, þar sem það átti að reisa sér eigin kofa, rækta jörðina og smátt og smátt að geta séð fyrir sér sjálft. Ymis lönd, m.a. Norðurlöndin, létu fé af höndum rakna til starfsins.

Þegar Malcolm Thomas tók að sér stjórn verkefnsins, þá kom hann frá Eþíópíu, þar sem hann hafði starf að meðal flóttafólks, sem hafði verið hrakið frá heimkynnum sínum í borgarastyrjöldinni í Suður-Súdan.

NÝTT LIF

Það getur verið erfitt fyrir Dana að skilja, að akrar með frumstæðri ræktun, kofarnir og skólinn, þar sem aðeins er rúm fyrir þrjú hundruð barn á skólaaldri, skuli vera takmark að keppa að. En fyrir flóttafólkíð er þetta byrjunin á nýju lífi.

Það lifir á sama hátt og yrkir örðina á sama hátt og það gerði í Angóla og eins og fólk þar hefur gert um aldarabir. En í Angóla komst ekkert barnanna í skóla. Og í sveitaborpunum í Angóla voru engar verlanir.

En ein slík er nú risin í Eshta. Með framlögum sem svara u.þ.b. 150 kr. ísl. á einstakling, hafa íbúar 13 litilla sveitaborpa sem þróunaráætlunin er gerð fyrir, stofnsett félagsverzlun — kaupfélag. Fyrst um sinn verður hér aðeins um að ræða bárujárnskofa á steinsteyppugrunni, sem biður eftir því að verða tekin í notkun. Fyrst þarfi að koma vörum um áleibis — og það getur tekið tímana tvo að koma vörubíl áfram eftir þeim söndóttu hjól-

förum, sem gegna vegahlutverki í þessum hluta heims. En þegar verzlunin er komin af stað, þá hafa miklar framfarir orðið fyrir það fólk, sem hingað til hefur þurft að ganga 40 kílómetra til þess að kaupa sér tóbak fyrir túkall.

300 KRÓNUR Á ARI

Þær 150 krónur sem hver fjölskylda hefur orðið að leggja fram, sem vill vera þáttakandi í kaupfélaginu, eru ekki miklir peningar. En það eru miklir peningar fyrir fólk, sem hefur 5 þús. kr. meðaltekjur á ári.

Tekjurnar fær fólkíð, frá ræktun á mais, hirsí, melónum og graskerjum, smávægis fiskveiðum og litilsháttar verzlun með handunna muni. Beinrar peningatekur eru langt undir 5 þús. krónum á ári.

ÆTID VANDAMÁL

Starfið er nú komið svo langt á veg, að Malcolm Thomas reiknar með að geta haldið á brott eftir sex mánuði. Þá ætti flóttafólkíð að geta bjargað sér sjálft.

Það merkir þó ekki, að öll vandamál séu þar með

áð baki. Sjúkdómar og næringarskortur eru ennþá útbreiddari meðal flóttafólksins en meðal frumbyggja Botswana, og umbæturnar eru hægfara, þegar ———n kostnað við þær verður að taka af tekjum, sem rétt aðeins duga fólkí til að skrímta fyrir.

Á næsta ári munu þeir flóttamenn, sem fyrstir komu til Botswana hafa búið þar í fimm ár og geta þá fengið ríkisborgararétt þar, leitað að vinnu hvar sem er í landinu ellegar haldið til námanna í Suður-Afríku.


Íbúar Botswana hafa yfirleitt tekið flóttafólkinu vel. Það hefur fengið full réttindi sem meðlimir ættflokka þeirra, sem viðkomandi landsvæði eiga. Enginn hugsar í rauninni um að snúa aftur til Angóla, ekki einu sinni, þegar stríðinu lýkur.

Flóttamannastráumurnar frá Angóla hefur nú stöðvazt. Í tilraunum sínum til þess að fríða þau landsvæði, sem flóttafólkíð kom frá, tókst Portúgölum löksins að hrekja alla íbúana á brott.

■ Aktuelt



Malcolm Thomas með einum flóttamannaleitboganna.



„Eg lifi og þér munuð lifa“

„Eg lifi, og þér munuð lifa“ stendur á saluhlíði Vestmannaeyinga, en í baksyn heldur eldgosið áfram eyðileggingarstarfsemi sinni. Þrátt fyrir það standa orðin á saluhlíðinu óhrakin, jafnvel þótt hlíðið verði hrauni og vikurfalli að brád, og kirkjugarðurinn hverfi.

Um merkingu orðanna „ég lifi og þér munuð lifa“ má reyndar

deila, það eru ekki allir sammála um lífið eftir dauðann, enda mega Vestmannaeyingar ekki vera að því að hugsa um slíkt. Þeirra hugsun snýst um, að hið jarðneska líf þeirra geti haldið áfram, og eigi það að vera með eðlilegum hætti, gerist það ekki óbrúvisi en að þeir komi sér með eigin sínar burt úr Eyjunum, — að minnstakosti í bili.

En kannski leiða þeir Vestmannaeyingar sem eru komnir óhultir til lands, hugann að þessum orðum og þeim, sem þau eru höfð eftir. Og lári þeim það enginn, þegar þeir standa frammi fyrir þeim atburðum, sem mannskepnan með alla sína vitzku og tækni getur með engu móti ráðið við og því síður komið í veg fyrir.